

Dauðadans Strindbergs leikrit vikunnar

I kvöld verður flutt í útvarpi leikritið „Dauðadans“ eftir August Strindberg, í þýðingu Helga Hálfðánarsonar. Leikstjórn annast Helgi Skúlason. „Dauðadans“ gerist í afskekktu strandvigi og lýsir fyrst og fremst samskiptum Edgars höfuðsmanns og Alisu konu hans. Edgar fær oft veikindaköst og heldur, að hann sé að deyja. Alisa þjáist af einmanakennd á þessum innilokaða stað, þar sem ritsiminn er eina sambandið við umheiminn. Kurt sóttvarnastjóri er eins og ofurlitill andblær frá öðrum heimi, en örlögin láta ekki að sér hæða, og ritsiminn flytur ekki alltaf góðar fréttir.....

August Strindberg fæddist í Stokkhólmi árið 1849 og dór þar 1912. Hann tók stúdentspróf 1867, stundaði nám í læknisfræði um skeið, var síðan kennari og leiklistarnemi, blaðamaður í Stokkhólmi í nokkur ár og starfaði við Konunglega bókasafnið 1874-82. Hann skrifaði nærri 60 leikrit, en auk þess skáldsögur ljóð og æviminningar. Hugur hans var síleittandi, fann aldrei frið og þar að lokum líkamann ofurlíði. Strindberg beitti tækni í leikritun, sem markaði hefur djúp spor. Margir yngri höfundar hafa meðvitað eða ómeðvitað tileinkað sér aðferðir hans við uppbyggingu leikrita. Það er ákaflega erfitt að meta Strindberg, svo viðunandi sé, enda hefur hann ýmist verið vanmetinn eða ofmetinn. Einkalíf hans var stormasamt. Hann var þriggífur og skildi við allar konurnar. Sú síðasta var norska leikkonan Harriet Bosse.

Útvarpið hefur áður flutt eftirtalin leikrit eftir Strindberg: „Fröken Júlia“ (1938), „Páskar“ (1956), „Fæðirinn“ (1959), „Brunarústin“ (1962) og „Kröfuhafar“ (1965). Auk þess brot úr „Draumleik.“ Aðalhlutverk í „Dauðadansi“ leika Gísli Halldórsson, Helga Bachmann og Þorsteinn Gunnarsson.

Framsókn samþykkir heimild til vinnustöðvunar

FB—Reykjavík. Samþykkt var á fundi í verkavennafélaginu Framsókn á sunnudaginn, að veita stjórn og trúnaðarmannaráði heimild til að bóða vinnustöðvun í samráði við önnur verkafélög, takist samningar ekki án þess.

A fundinum voru einnig gerðar fjórar aðrar samþykktir. Sú fyrsta fjallaði um landhelgismálið, þar sem stjórn Framsóknar samþykkir einróma að stjórnarslit verði nú þegar við Bretland, ef herskip og fiskiskipaflostin fari ekki út fyrir 200 mílur þegar í stað. Einnig, að ekki verði gerðir samningar um veiðiheilmildir innan 200 mílna landhelginnar.

Þá var samþykkt að senda starfsmönnum skipa- og flugflota Landhelgisgæzlunnar innilegar kveðjur og þakklæti fyrir störf í þágu landsmanna allra. Ennfremur skoraði fundurinn á ráðamenn Landhelgisgæzlunnar að gera allt, sem hægt er til að tryggja öryggi þessara trúnaðar starfsmanna.

Ennfremur skoraði fundurinn á samninganefnd ASI að herða á samningum og að launajafnrétti náist og lagfærð verði laun þeirra lægstlaunuðu. Einnig að verðbólga verði stöðvuð og skattamálín leiddrétt varðandi lágláuna-fólk og haldið verði áfram byggingu íbúða í Breiðholti á sama hátt og gert hefur verið.

Fjórdi og síðasta samþykktin var um hækkun lyfja og læknishjálpar til ellilífeyrisþega og öryrkja, sem félagið harmar, og væntir þess, að þau mál verði lagfærð strax.

Samið um sölu á mestum hluta saltsíldarinnar

— segir framkvæmdastjóri Sildarútvegsnefndar

gébé-Rvík. — Mestur hluti Suðurlandsíldarinnar, sem var söltuð s.l. haust, 95 þúsund tonn, er nú seldur, að undanteknum þeim 10 þúsund tonn sem áttu að seljast sem viðbótarmagn til Sovétríkjanna, en Sovétmenn hafa krafist þess, að það viðbótarmagn verði lækkað um 20% frá því verði, sem samið var um á 20 þúsund tonn í september s.l. Viðræður hafa farið fram undanfarið milli Sildarútvegsnefndar og viðskiptaaðila sovétka sendiráðsins og fulltrúa V/O Prodintorg, en söluverðið á þeim 20 þúsund tonn, sem þegar hafa verið seldar Sovétmönnum, er mun hærri en það verð, sem keppinautar Íslendinga á þessum markaði bjóða. Tíminn hafði samband við Gunnar Flóvenz, framkvæmdastjóra Sildarútvegsnefndar, og bað hann að greina frá því hvernig þessi mál stæðu nú, en fundir hafa verið haldnir að undanfögnu, bæði í Sildarútvegsnefnd og með sildarsaltendum. Nú er beðið eftir viðbrögðum Sovétmanna við telexskeyti, sem þeim var sent seint á þriðjudagskvöld.

— Þetta mál er á mjög viðkvæmu stigi, og erfitt að skýra frá því að svo stöddu, sagði Gunnar. — Í september sömdu samningsmenn Sildarútvegsnefndar um sölu á 20 þúsund tonn af heilsaltaðri

síld við Sovétmenn í Moskva, á söluverði, sem var langtum hærra en keppinautar Íslendinga höfðu boðið, en þar er átt við Hollendinga, Íra, Skota, Norðmenn, Dani, Færeyinga, og Kandamenn. Í byrjun vertíðar var gert ráð fyrir að heildarsöltun Suðurlandsíllar yrði 50-60 þúsund tonn, en reyndin varð sú, að saltað hefur verið í samtals 95 þús. tonn.

— Í fyrri viðskiptasamningi milli Íslands og Sovétríkjanna var vegna veiðitakmarkana hér við land, aðeins gert ráð fyrir 20 þúsund tonn af árlegum kvóta, sagði Gunnar, og þar af leiðandi voru Sovétmenn ekki reiðubúnir til að ræða um nema það magn í viðræðunum í september.

Gunnar sagði ennfremur, að strax eftir að nýr viðskiptasamningur fyrir tímabilið 1976/1980 var undirritaður 31. október s.l. hefði sildarútvegsnefnd óskað eftir því, að Sovétmenn féllust á hækkun sölu-magnsins upp í 30 þúsund tonn, en hinir sovétka kaupendur kváðust ekki hafa fjárveitingaleify til kaupa á neinu viðbótarmagni á þeim tíma, en kváðust þó hafa áhuga á viðbótarkaupum.

— Dráttur varð á því að sovétka innkaupastofnunin fengi leyfi til að samþykkja viðbótarkaup, sagði Gunnar, þrátt fyrir hina miklu skuld Íslendinga á viðskiptareikningi

landanna. Það var ekki fyrr en um miðjan janúar, að Sovétmenn tilkynntu að gjaldeyrisleyfi hefði fengist fyrir viðbótarkaupum á 10 þúsund tonn. — Þá skeði það, sagði Gunnar, að hinir sovétka aðilar settu það sem ófrávikjanlegt skilyrði fyrir kaupunum, að söluverð á viðbótarmagni yrði lækkað stórkostlega frá því verði sem samið var um í september s.l. eða um 20%.

— Sildarútvegsnefnd hefir til þessa ekki viljað fallast á þessa lækkunarkröfu, og hafa viðræður farið fram síðustu vikuna um mál þetta milli nefndarinnar og viðskiptaaðila sovétka sendiráðsins, og jafnframt við fulltrúa V/O Prodintorg, sagði Gunnar. — Arangur af þessum viðræðum varð enginn, og ítrekuðu sovétmenn að ef ekki yrði fallist algjörlega á lækkunarkröfur þeirra, yrði ekki úr neinum viðbótarkaupum.

— Mál þetta er sérstaklega erfitt, sökum þess að síld þessi er sérverkuð í samræmi við markaðskröfur Sovétmanna, sagði Gunnar. Þar sem enginn árangur varð af viðræðunum við fulltrúa sendiráðsins, var haft simasamband við framkvæmdastjóra fiskafurðardeildar V/O Prodintorg í Moskva s.l. þriðjudag, og staðfesti hann að lækkunarkrafan væri ófrávikjanleg. — Málið er þó óútljálmt ennþá, og

er nú beðið eftir viðbrögðum þeirra í Moskva við telex-skeyti, sem þeim var sent seint á þriðjudagskvöld, sagði Gunnar Flóvenz.

Þá var Gunnar Flóvenz spurður um, hvernig gengi með sölu á öðru sildarmagni, en því sem ætlað var til Sovétríkjanna. — Mestur hluti sildarmagnsins frá s.l. hausti hefir þegar verið seldur, þ.e. fyrir utan viðbótarmagnið til Sovétríkjanna, sagði Gunnar, og þá til Svíþjóðar, Finnlands, Vestur-Þýskalands, og Danmerkur. — Það hefur valdið miklum erfiðleikum í sambandi við sölu sildarinnar í ár, að við verðum að komast inn á markaði, sem aðrir seljendur erlendis hafa náð undir sig, vegna veiðibannsins undanfarnir þrjú ár hér við land, og þar að auki hefur óvenjultill hluti aflans í haust farið í stærsta stærðarflokk eða aðeins 25%. — Þó ber að taka fram, sagði Gunnar, að allur afli hefur verið af þeim stærðum, sem leyfilegt er að veiða samkvæmt tillögum fiskifræðinga. Síðast þegar um vírulega söltun var að ræða á vertíð árið 1971, fóru um 75% sildarinnar í stærsta stærðarflokk.

— Þar við bætist, að fitumagn sildarinnar í haust var lægra en venjulega á árunum fyrir sildarveiðihléð, sagði Gunnar Flóvenz framkvæmdastjóri að lokum.

Sýning á norrænni vefjarlist haldin á þriggja ára fresti

— Fyrsta sýningin hefst í Álaborg og verður farandsýning

SJ-Reykjavík. — Það er okkur mikil hvatning að eiga kost á að taka þátt í þessari sýningu, sögðu fulltrúar Félags textilhönnuða á blaðamannafundi, þar sem skýrt var frá mikilli sýningu á vefjarlist, sem haldin verður í nýju og glæsilegu Listasafni Álaborgar í sumar. Sýningin nýtir rúmlega fjögurra milljóna króna styrks úr Norræna menningarmálasjóðnum og verður vel til hennar vand- að í hvívetna. Sýningin verður


fyrst í Danmörku, en síðan á hinum Norðurlöndunum, hér á landi verður hún í janúar 1977. Ætlunin er að sýning þessi verði þriðja hvert ár framvegis og ber hún nafnið Textil Triennale.

— Það hefur löngum verið álit- ið, að vefjarlist stæði með miklum blóma á Norðurlöndum, sagði ein vefjarlistakvennanna, Hildur Hákonardóttir skólastjóri á blaðamannafundinum, — á þessari sýningu fæst úr því skorið

hvort svo er í raun og veru.

Þátttaka í sýningu þessari er heimil öllum þeim sem vinna að vefjarlist. Eingöngu verða tekin verk, sem unnin eru í listrænum tilgangi, en ekki með framleiðslu í huga. Fimm manna dómnefnd mun fjalla um verkin, einn fulltrúi frá hverju landi. Asgerður Búadóttir verður í dómnefndinni fyrir Ísl. hönd. Sýningargjald er 3.000 kr á þátttakanda. Ekki má senda fleiri verk en þrjú, og ekki eldri en þriggja ára. Verkunum þarf að koma á einn stað í Reykjavík fyrir 1. maí 1976 (auglýst nánar.) Umsóknareyðublöð og allar upplýsingar er hægt að fá hjá stjórn textilhönnuða.

Ragna Róbertsdóttir form. s. 19694.
Sigríður Jóhannsdóttir ritari. s. 22352.
Steinunn Bergsteinsdóttir gjaldk. s. 28489.
Asa Olafsdóttir meðst. s. 83906.
Hildur Hákonardóttir meðst. s. 24577.
Asgerður Búadóttir í dómnefnd. s. 34856.



Listasafn Alaborgar á Norður-Jótlandi, þar sem sýningunni verður hleypt af stokkunum.



Vefjarlistakonur kynna sýninguna Hildur Hákonardóttir, Asgerður Búadóttir, Ragna Róbertsdóttir og Steinunn Bergsteinsdóttir. (Tímamynd Róbert)

Sautján konur eru í Félagi textilhönnuða.

Fyrir rúmum áratug varð mikil vakning í vefjarlist víðs vegar í heiminum. Tímamótamarkandi var fyrsta alþjóðlega myndvefnaðarsýningin í Lausanne í Sviss árið 1962, haldin að frumkvæði franska listamannsins Lurcat, sem vildi endurvekja til fyrra gengis myndvefnað. Hefur sú sýning verið endurtekin annað hvert ár og listamenn víðs vegar úr heiminum keppzt um að komast þar að, bæði karlar og konur. Hafa þessar sýningar verið hvatningu að öðrum slíkum stórum vefjarsýningum.

A Norðurlöndum er gömul og sterk hefð í vefjarlist sem hefur átt sín blóma- og hnignunarskeið. Á Íslandi er þó engin hefð í myndvefnaði eða vefþrykki. Elztu teppi okkar eru refsaumuð kirkjuteppi frá miðöldum. Frá síðari öldum eigum við rúmabreiður og söðuláklæði saumuð, krossofin eða glitofin. Á síðasta áratug hefur hins vegar risið upp hópur listamanna sem nýtir sér hinar ýmsu aðferðir vefjarlistar. Skemmt er að minnast sýningar, sem haldin var á vegum Norræna hússins á Listahátíð 1974 þar sem fjórar íslenskar listakonur voru meðal þátttakenda. Á Kvænna-sýningunni 1975 sem einnig var haldin í Norræna húsinu, kom fram all stór hópur listakvenna á þessu sviði og höfðu margar þeirra hafið nám í hinni nýstofnuðu Textildeild Myndlista- og Handiðaskóla Íslands.

Könnun BHM að ljúka

FB—Reykjavík. Bandalag háskólamanna hefur að undanfögnu staðið fyrir skoðanakönnun meðal félaga sinna um verkfallsréttarmál. Spurningalistar voru sendir út í desember, og fóru þeir nokkuð misjafnt út hjá aðildar-félögnum, en í gær var síðasti dagur til þess að pósthleggja spurningalistana útfyllta. Félagar í Bandalagi háskólamanna eru allir ríkisstarfsmenn, og munu þeir vera um 12 til 13 hundruð. Niðurstöður úr þessari könnun munu ekki liggja fyrir fyrr en eftir helgina.